



RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

39. Miðstjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 29. apríl kl. 15

Úrdráttur úr fundargerð.

Í upphafi fundar var kynntur nýr maður í miðstjórn, hann heitir Arnar Guðlaugsson og er hann nýkjörinn form. Félags nema í rafiðnum.

1. **Fundargerð síðasta fundar samþykkt án ath.semda.**
2. **Reikningar RSÍ fyrir árið 2002.** Kynntir reikningar sjóða sambandsins fyrir árin 1999 til 2002. Einnig kynnt “Handbók fjármála”. Í ritinu er að finna ýmsar reglur m.a. um meðferð fjármála, um greiðslu ferðakosnaðar og einnig reglur varðandi einstaka sjóði sambandsins. Miðstjórnarmenn lofuðu framtakið og sögðu það mjög þarft.
3. **Þing RSÍ.** Kynnt “drög að tillögum um breytingar á reglugerð fyrir styrktarsjóð” og “drög að að starfsreglum styrktarsjóðs” Einnig kynntar “tillögur til breytinga á lögum sambandsins” Þar er helsta breytingin að bætt verður við nýjum kafla sem heitir “Framkvæmdastjórn” en hún hefur hingað til ekki haft fastan sess í lögum sambandsins. Miðstjórn samþykkti fyrir sitt leiti breytingarnar á lögum sambandsins.
4. **Bréf til félagsmanna.** Kynnt var greinargerð um þróun mála síðasta ár Allmargir félagsmenn hafi farið fram á að sendar yrðu út ítarlegar upplýsingar um þróun mála. Fram kom að margir félagsmenn væru í óvissu um málið sérstaklega eftir afskipti dagblaðs af því.
5. **Skattakerfi ASÍ.** Kynnt var skýrsla um úttekt á útreikningi skatta aðildarfélaganna til ASÍ. Skýrslan staðfestir það að aðildarfélög RSÍ eru að greiða talsvert hærra skatt til ASÍ en aðrir. Formaður kynnti tillögu sína um sátt um að aðildarfélög RSÍ myndu greiða sama skatt og önnur iðnaðarmannafélög og menn snúi sér að undirbúningi nýs skattkerfis.

Samþykkt ályktun um skattalækkana áform stjórnvalda.

6. **Skipan nefnda hjá ASÍ.** Skipað í atvinnumálanefnd ASÍ. Óskað var eftir tilnefningu í “Nefnd um þróunarvinnu” bæði aðal og varamann.

Mótmælt var tilnefningu ASÍ í nefnd á vegum Iðnaðarráðuneytisins sem á að hafa það hlutverk að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings á raforku þ.m.t. stærð og rekstri flutningskerfis. Ákveðið að skrifa bréf til ASÍ þar sem þessu er mótmælt. RSÍ hafi á að skipa félagsmönnum sem hefðu kynnt sér þessi mál bæði hérlendis og erlendis.

7. **Önnur mál:** Bréf frá Eftirlaunadeild FÍS, þar sem farið var fram á fjárstyrk vegna sumarferðar deildarinnar. Vísað til FÍS.

Haraldur Jónsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði mönnum samstarfið en þetta var hans síðasti miðstjórnarfundur.

Rætt um þrif á íbúðum á Spáni, það væri dýrt.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundargerð: Í forföllum ritara Helgi Jónsson